

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Dalsmári 13. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. janúar 2025 breytingu á deiliskipulaginu Kópavogsdalur fyrir lóðina nr. 13 við Dalsmára. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 0,3 m til norðurs, 0,9 m til suðurs og 2,65 m til vesturs (neðanjarðar). Komið er fyrir skyggni ásamt lokuðu sorpskýli um 1,3 m sunnan byggingarreits. Gert er ráð fyrir að núverandi brú á lóðinni verði breytt í tengibyggingu úr gleri á tveimur hæðum milli bygginga á lóðinni og hún breiðkar um 0,5 m í hvora átt. Byggingarreitur hækkar um 1,2 m. Heildarbyggingarmagn á lóðinni eykst 80 m². Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Baugakór 36. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. janúar 2025 breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla fyrir lóðina nr. 36 við Baugakór. Í breytingunni felst að lóðarmörkum Baugakórs 36 verður breytt og þau aðlöguð að landnotkunarreitnum S-24. Lóð stækkar um 556 m², úr 7.542 m² í 8.098 m². Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Brekkuhvarf 1A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1A við Brekkuhvarf. Í breytingunni felst breytt og bætt aðkoma að bílastæðum með því að heimila aðkomu á norðausturhlíð lóðarinnar frá Brekkuhvarfi. Fjöldi bílastæða er óbreyttur. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 13. febrúar 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.